



Fundargerð

Fimmtudaginn 19. október 2017 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 10.00 á skrifstofu Félags og skólaþjónustunnar. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Valgarður Hilmarsson, Vignir Sveinsson og Halldór G. Ólafsson. Auk þess sátu fundinn: Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri, Jökulrós Grímsdóttir hjúkrunarforstjóri Sæborgar og Magnús B. Jónsson, framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð af fundarmönnum.

2. Sæborg, staða og horfur

Jökulrós gerði grein fyrir því helsta í rekstri Sæborgar. Fram kom að heimilið er fullsetið og ríflega það. Heimilið hefur nú 8 hjúkrunar- og hvíldarrými og biðlisti eftir að komast að. Tekjur hafa verið yfir áætlun. Skráð stöðuhlutföll eru 6,75 en 13 nöfn eru skráð í launakerfi. Starfsmannahald hefur verið nokkuð þungt og ekki enn fengist annar sjúkraliði til starfa þrátt fyrir auglýsingar.

Málið var til kynningar.

3. Félagsþjónustan, staða og horfur

Sara Lind félagsmálastjóri fór yfir það sem hefur helst verið unnið með hjá félagsþjónustunni. Fram kom m.a. að nýverið hefur verið gerður nýr fóstursamningur. Fyrirséð er að auka þarf eftirlit með þeim börnum sem eru í fóstri og í barnaverndarmáli þarf að nýta MST fjölkerfameðferð sem er úrræði Barnaverndarstofu. Breytingar eru að verða á sálfræðiþjónustu með samningi þar sem sálfræðingur verður við fleiri daga en áður og unnið að því að geta boðið sálfræðiþjónustu fyrir fullorðna. Fram kom að á höfuðborgarsvæðinu bjóða heilsugæslur upp á fría sálfræðiþjónustu fyrir 18 ára og yngri. Á heilsugæslum á starfssvæði HSN er hins vegar einungis veitt slík þjónusta fyrir 18 ára og eldri. Á næsta ári má reikna með auknum kostnaði við liðveislu þar sem greiðslur fyrir slíka þjónustu hefur verið stóraukin á höfuðborgarsvæðinu. Reiknað er með að málefni aldraðra og félagsleg



heimajónusta verði með svipuðu sniði áfram. Unnið er að því að setja skýrari verkferla um alla félagsjónustu.

Málið var til kynningar.

4. Forsendur fjárhagsáætlunar 2018

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra um forsendur fjárhagsáætlunar. Þar kemur m.a. fram að við gerð áætlunar er reiknað með 2,7% hækkun verðlags á árinu. Nokkur atrið í úrlausnum félagsjónustu munu líklega leiða til nokkurs kostnaðarauka. Að mestu leyti verði rekstrarþættir með svipuðu sniði og á yfirstandandi ári. Samantekt um helstu fjárfestingaliði kom einnig fram í minnisblaðinu. Forsendur fjárhagsáætlunar voru til kynningar og umræðu og vísað til áframhaldandi úrvinnslu.

5. Eignir, viðhald og endurbætur:

a. Skúlabraut 22

Fyrir fundinum lá hönnun og kostnaðarmat á endurbótum á sambýli fyrir fatlaða að Skúlabraut 22 á Blönduósi. Hönnunin gerir ráð fyrir að sett verði upp nýtt salerni fyrir starfsmenn og baðherbergi fyrir heimilismenn verði tekið til gagngerrar endurnýjunnar. Heildarkostnaður við framkvæmdina er áætlaður 10,3 milljónir. Stjórn fór yfir áætlanir um framkvæmd og kostnað og samþykkti að vísa málinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2018. Málið var til kynningar.

b. Hnitbjörg

Fyrir fundinum lá hönnun og kostnaðarmat á að breyta einni íbúð í Hnitbjörgum. Breytingin felst í að skipta út eldhúsinnréttingu, stækka baðherbergi, færa hurð á svefnherbergi og endurnýja gólfefni. Heildarkostnaður við framkvæmdina er áætlaður um 9 milljónir. Framkvæmdastjóra falið að reikna greiðslubyrði af fjármögnun framkvæmdarinnar og yfirfara betur kostnaðaráætlun. Málinu vísað til umfjöllunar fjárhagsáætlunar 2018.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að samþykkt um laun nefnda og ráða hjá Félagsjónustu A-Hún. Samþykktin tekur mið af eldri samþykkt sem var gerð óvirk í kjölfar úrskurðar kjararáðs um hækkun þingfararkausps um 44%. Í fyrirbyggjandi tillögu eru hlutfallstölur lækkaðar til að samræma þær fyrri launareglu og þeim breytingum sem orðið hafa á almennum launamarkaði.



Félags- og skóláþjónusta A- Hún

Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 13.15

Jón Gíslason,

Vignir Sveinsson,

Valgarður Hilmarsson,

Halldór G. Ólafsson

Sara Lind Kristjánsdóttir

Magnús B. Jónsson

BLÖNDLÓGSÆF	
Mótt. dags.:	Málarit:
30.10.17	1710023
Br. n. til:	Málafjöldi:
AKS	00.01.01